


Fuglalíf í Kópavogi 2013

Unnið fyrir Umhverfissvið Kópavogsbæjar og
Náttúrufræðistofu Kópavogs



Janúar 2014
Jóhann Óli Hilmarsson
Ólafur Einarsson

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	2
Útdráttur.....	3
Aðferðir	4
Athugunarsvæði.....	5
Niðurstöður	6
Kópavogur	6
Kópavogslækur	12
Umræða	14
Mikilvægi leira - Friðlýsingar.....	17
Lokaorð.....	18
Heimildir.....	18
Viðaukar	19

Mynd á forsiðu: Æðarfuglar í vorleikjum. Æðurin er algengasti fuglinn í Kópavogi. Ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af höfundum. Loftmynd af Kópavogi er fengin af vef símaskrár, já.is.



1. mynd. Stokkandarpar. Stokkendur eru algengustu fuglarnir á Kópavogslæk (Kópavogstjörn).

Útdráttur

Fuglar voru taldir í Kópavogi í 17 talningum og á neðsta hluta Kópavogslækjar í 12 talningum á árinu 2013. Þetta var gert til að sjá hvort og hvaða breytingar hefðu orðið á fuglalífi vogsins frá ítarlegum talningum 1980-81. Árið 1997 var talið 16 sinnum og 6 sinnum 2009 og voru þær talningar notaðar við samanburðinn. Jafnframt var talið í Arnarnesvogi nú. Talningarnar 2013 voru bornar saman við fyrri talningar og rýnt í hvort breytingar hafi orðið, fjölgun eða fækkun fugla, og hvað valdi þeim.

Talsverðar breytingar hafa orðið á fuglalífi Kópavogs á þessum rúmu þremur áratugum (1. tafla). Andfuglum fjölgaði eða þeir stóðu í stað. Margæs er nú reglulegur vorgestur, en sést jafnframt á haustin. Álf, grágæs, rauðhöfðaönd og toppönd fjölgaði, meðan stökkönd og æðarfugl stóðu í stað að mestu. Flestum vaðfuglum fækkaði, sérstaklega heiðlóu, rauðbrystingi, sendlingi og lóupræl, en minna sandlóu og tildru. Tjaldi fækkaði fram til 1997, en síðan stóð hann í stað. Sömuleiðis voru litlar breytingar á tölu stelka. Jaðrakan fjölgaði síðsumars, hann sást varla í fyrri talningum. Litlar breytingar urðu í fjölda hettumáfa, meðan sílamáfi, hvítmáfi og kríu hefur fækkað. Stari stendur í stað, aðrir spörfuglar eru það sjaldgæfir að ekki er grundvöllur til að vera með vangaveltur um stöðu þeirra. Nýr landnemi, svartþröstur, hefur þó stungið upp kollinum við voginn.

Erfitt er að meta ástæður breytinganna. Fækkun vaðfugla veldur áhyggjum og þarf að fylgja talningum eftir til að sjá hver þróunin verður og jafnvel rannsaka smádýralíf í leirunni, hvort það hafi breyst frá því að það var skoðað 1980. Samsvarandi fækkun hefur orðið á vaðfuglum í Arnarnesvogi, næstu leiru fyrir sunnan Kópavog. Jafnframt hefur svipuð fjölgun margæsa, rauðhöfðaandar og toppandar átti sér stað í Arnarnesvogi og í Kópavogi.

Algengustu fuglar á neðsta hluta Kópavogslækjar (Kópavogstjörn) voru í tíðniröð: stökkönd, grágæs, sílamáfur, hettumáfur, álf og stari. Aðrir fuglar voru sárásjaldgæfir. Fuglar hafa ekki verið taldir fyrr á Kópavogslæk, svo samanburðartölur eru ekki til en umhverfi þar er gjörbreytt frá því sem það var á árum áður.


Kópavogsleira er ein af stærstu leirum á Innnesjum og hefur lengi verið kunn fyrir ríkulegt fuglalíf. Hún er ein af fáum leirum á svæðinu sem hafa að mestu sloppið við framkvæmdir og annað brölt. Kópavogur hefur nú verið friðlýstur. Vogurinn er í tveimur sveitarfélögum og var Garðabæjarhlutinn friðlýstur 2009 og Kópavogshlutinn 2012. Slík náttúruperla í þéttbýli býður uppá ófáa möguleika til fræðslu og kynningar á fjölbreyttu fugla- og smádýralífi.

Inngangur

Á árunum 1980-81 var fuglalíf í Kópavogi vaktað markvisst um 14 mánaða skeið og birtist grein um hluta niðurstaðanna eða talningar á vaðfuglum í Náttúrufræðingnum árið 1989 (Arnþór Garðarsson & Ólafur Karl Nielsen 1989). Til er handrit um niðurstöður talninga á öðrum fuglum, en því fylgja engin línurit eða töflur (Arnþór Garðarsson & Ólafur Karl Nielsen, handrit).

Árið 1997 var aftur talið í Kópavogi. Þá var talið 16 sinnum og voru 10 talningar frá 5. maí til 9. júní, hinar dreifðust yfir árið (Guðmundur Víðir Helgason o.fl. 1998). Starfsmenn Náttúrufræðistofu Kópavogs töldu 6 sinnum á árinu 2009, en þær athuganir hafa ekki verið teknar saman eða birtar. Þegar Garðabær fór þess á leit við undirritaða að vakta fuglalíf í Arnarnesvogi á árinu 2013, þótti höfundum lag að telja jafnframt í Kópavogi, til að skoða hvort eða hvaða breytingar hafi orðið á fuglalífi á þessum 32 og 16 árum sem liðin voru frá fyrri talningum. Leitað var til umhverfis- og samgöngunefndar, þar sem lögð var fram talningar- og kostnaðaráætlun. Nefndin samþykkti 15. apríl 2013 að hefja fuglatalningu í Kópavogi í samstarfi við Náttúrufræðistofu Kópavogs.

Tilgangurinn með talningum var að afla upplýsinga um núverandi ástand fuglalífs og hvort breytingar hafi orðið frá fyrri talningum í Kópavogi og hvort hægt sé að skýra breytingar sem hugsanlega hafa orðið. Höfundar hafa þegar skilað skýrslu um talningar í Arnarnesvogi (Jóhann Óli Hilmarsson & Ólafur Einarsson 2013).



2. mynd. Talningarsvæðið í Kópavogi afmarkað með blárrí línu. Helstu talningastaðir við Kópavog og Kópavogslæk eru sýndir með stórum deplum og aðrir með litlum deplum.

Aðferðir

Talið var 17 sinnum í Kópavogi frá 10. febrúar til 16. nóvember og 12 sinnum á neðsta hluta Kópavogslækjar (Kópavogstjörn) frá 12. apríl til 17. nóvember 2013. Upphaflega var gert ráð fyrir 12 talningum í Kópavogi. Yfir fartímann, sérstaklega á

vorfarinu, var talið oftar en á öðrum tímum til þess að fá betri mynd af umferð fugla í gegnum svæðið. Sex talningar Náttúrufræðistofu Kópavogs frá 2009 voru hafðar til hliðsjónar.

Í Kópavogi var talið kringum fjöru og oftast lenti talning á stórstraumsfjöru. Einu sinni var talið á flóði (30. maí). Talið var á Kópavogslæk óháð sjávarföllum. Í hverri talningu voru allir fuglar taldir og greindir til tegundar. Einnig voru þeir aldurs- og kyngreindir eftir því sem þurfa þótti og mögulegt var. Notuð var 20-60×77mm fjarsjá, svo og handsjónauki. Ef talningamenn voru tveir saman, taldi annar en hinn skráði. Ef einn maður taldi, skráði hann annað hvort jafnóðum eða talaði inn á diktafón.

Athugunarsvæði


Talningarsvæðið í voginum er um 44 hektarar og þar af er leiran um það bil helmingur þess á stórstraumsfjöru (21. mynd). Leiran, sem er gljúp og fínkornótt, er mynduð úr fingerðu seti, sem á uppruna sinn bæði á landi (m.a. frá Kópavogslæk) og sjó. Setið er að hluta lífrænt, mestmegnis plöntu- og þörungaleifar. Leirurnar fóstara fjölda lífvera og þær eru búsvæði margvíslegra hryggleysingja eins og pípuorma, burstaorma, skeldýra og marflóa. Þessi smádýr sía sjó og eta setið. Smádýrin eru mikilvæg fæða fyrir fjölda fugla. Í Kópavogi vex jafnframt marhálmur og grænþörungar, sem eru fæða fyrir margæs og aðra grasbíta úr hópi andfugla. Kópavogur er ein af fjórum stærstu leirum á Innnesjum, aðrar stórar leirur eru Leiruvogur, Grafarvogur og Lambhúsatjörn (Arnþór Garðarsson & Ólafur Karl Nielsen 1989). Kópavogsleiran er ein fárra leira á Innnesjum sem er að mestu óröskuð.



3. mynd. Sandmaðksleira með grænþörungum. Tjaldar o.fl. dýraætur nýta sandmaðkinn, meðan margæs, rauðhöfðaönd og álft eta þörungana.

Kópavogsleiran flokkast sem sandmaðksleira (3. mynd), en þar hafa þó fundist um 50 tegundir hryggleysingja. Meðfram voginum, þar sem sjór nær á flóði, er síðan þangfjara og þar lifa að hluta til aðrar tegundir en á leirunni (Arnþór Garðarsson & Ólafur Karl Nielsen 1989, Guðmundur V. Helgason o.fl. 1998).

Kópavogslækur austan Hafnarfjarðarvegar er að hluta til manngerð tjörn, þar eru hólmar og bryggja fyrir þá sem koma til að fóðra fuglana (22. mynd). Vatnsrennsli minnkaði talsvert í læknum þegar Seljahverfi var byggt, en hann hefur væntanlega átt stóran þátt í mótun leirunnar gegnum aldirnar.




4. mynd. Niðurstöður 17 fuglatalninga í Kópavogi 2013. Lágmarkið 30. maí var talið á flóði, aðrar talningar eru gerðar á fjöru.

Niðurstöður

Kópavogur

Alls sáust 37 tegundir fugla í talningum í Kópavogi 2013 (1. viðauki). Tveir álíka stórir toppar eru áberandi, báðir á fartíma. Annar 1. maí (643 fuglar) og hinn 8. september (677 fuglar) (4. mynd og 1. viðauki). Mest var af andfuglum, vaðfuglum og máfum. Andfuglar eru áberandi í voginum og eru þeir um helmingur fugla sem sáust í toppunum um vorið og síðsumars, jafnframt sem lítill toppur var í júní, þegar æðarfuglar komu með unga í voginn (5. mynd). Algengasta tegundin var **æðarfugl**, hann sást í öllum talningum, frá 26 og uppí 180 fugla. Flestir sáust um veturinn og síðan í júní, þegar kollur sóttu með unga sína á voginn. Þann 10. júní voru 37 kollur og 53 ungar á talningarsvæðinu, auk blika. Fæstir fuglar sáust (í kuldakafla) í mars, maí og ágúst-september (7. mynd og 1. viðauki). **Rauðhöfðaönd** var algengur vetrargestur, sást frá því seint í ágúst og út maí, flestar 106 um miðjan apríl. Þær hverfa af svæðinu yfir varptímann en koma aftur þegar fjaðrafelli er lokið í ágúst. Rauðhöfðar eins og aðrir andfuglar fella flugfjaðrir síðari hluta sumars og eru þá ófleygir. **Stökkönd** sást í öllum talningum nema tveimur, í fyrirnefndum kuldakafla í mars og svo 7. október. Hún var algengust um vorið, frá miðjum apríl og fram undir miðjan maí, þá sáust mest 76 fuglar 24. apríl. Um varptímann fækkaði þeim mjög. Síðsumars sáust flestar 34. þann 23. ágúst. **Toppönd** sást árið um kring nema í júlí og ágúst, 1-15 fuglar. Aðrar endur: **urtönd**, **gargönd** og **hávella**, voru sjaldgæfari (7. mynd, 1. viðauki).

Margæs er reglulegur gestur í Kópavogi á fartíma vor og haust. Margæsinn staldrar lengur við en aðrir fargestir á leið milli varpstöðva á Íshafseyjum Kanada og




5. mynd. Heildartölur andafugla (álfta, gæsa og anda) í Kópavogi í 17 talningum 2013.




6. mynd. Margæsir á leiru. Margæsum fer fjölgandi í Kópavogi.

Grænlandi og vetrarstöðvum í Evrópu og V-Afríku. Stutt sumur á varpstöðvum hennar gera það að verkum að fuglarnir þurfa bæði að fíta sig fyrir hið langa og erfiða farflug yfir Grænlandsjökul og síðan þarf kvenfuglinn að hafa næga orku til að verpa. Margæsir sást frá 12. apríl til 24. maí og aftur 8. september til 7. október. Mest sást 83 gæsir um vorið og 170 um haustið. Meiri umferð var um Arnarnesvog um vorið, þar sást til að mynda 379 gæsir 1. maí, meðan 83 voru í Kópavogi sama dag (6. og 9. mynd, 1. viðauki) (Jóhann Óli Hilmarsson & Ólafur Einarsson 2013). **Grágæs** er fremur óregluleg í Kópavogi, slæðingur sást frá því í apríl og út athugunartímann. Þann 7. ágúst sást 6 fullorðnar gæsir og 6 nýfleygir ungar. **Álft** er sömuleiðis



7. mynd. Fjöldi rauðhöfða, æðar, toppandar og stökkandar í talningum í Kópavogi 2013.




8. mynd. Heildartölur vaðfugla í talningunum í Kópavogi 2013.


óregluleg og sást hún á svipuðum tíma og grágæs. Þar með 3 unga var á voginum 7. október. Grágæs og álft eru mun algengari og sjást iðulega á Kópavogslæk (1. og 3. viðauki).

Það var með einna mestri eftirvæntingu sem við lögðum af stað í þessar talningar, til að kanna hvort Kópavogur stæði enn undir forni frægð sem vaðfuglastaður. Á 8. mynd sjást heildartölur vaðfugla í talningunum. Tveir toppar eru áberandi, knappur toppur í maí og annar sverari frá júlí fram í október. Þetta er í samræmi við far vaðfugla, vorfarið tekur mun fljótar af en haustfarið.

Tjaldur sást árið um kring. Mest var af tjaldi á og eftir vorfarið, 16. mars – 24. maí, hámarkið var 44 þann 12. apríl (10. mynd). **Sandlóa** sást nær eingöngu um vorið, frá 24. apríl til 19. maí og voru þær flestar 28 þann 1. maí. **Heiðlóa** er aðallega




9. mynd. Fjöldi margæsar og rauðbrystings í talningum í Kópavogi 2013.



10. mynd. Fjöldi tjalds og heiðlóu í talningum í Kópavogi 2013.

síðsumars- og haustgestur. Þá sáust lóur 24. júlí til 16. nóvember, með hámarki 8. sept., 250 fuglar. Um vorið sáust lóur aðeins tvisvar (10., 12. mynd og 1. viðauki). **Rauðbrystingur** sást nær eingöngu í maí, ef undan eru skildir 3 fuglar 24. apríl og 33 fuglar 24. júlí. Hámarkið var 234 fuglar 24. maí (9., 19. mynd og 1. viðauki). **Lóupræll** sást aðeins snemma í maí og síðan í hverri talningu frá 10. júní til 7. okt., hámarkið voru 89 þann 7. ágúst (11. mynd). **Jaðrakan** sást aðeins um vorið, en mest þó síðsumars, frá 8. júlí til 7. sept., flestir 56 þann 7. ágúst (11. mynd og 1. viðauki). **Tildra** var alltið á vorfari, frá 24. apríl til 24. maí (hámark 17) og síðan frá 7. ágúst til 7. október.




11. mynd. Fjöldi lóupræls, jaðrakans og stelks í talningum í Kópavogi 2013.




12. mynd. Heiðlóa og stelkur, algengustu vaðfuglarnir í Kópavogi 2013.

Stelkur reyndist vera algengasti vaðfuglinn. Stelkar sáust í öllum talningum nema 10. febrúar, spönnin var 1-136 fuglar. Þeir voru tíðastir snemma í maí og kringum mánaðamótin júlí/ágúst, en aftur kom kippur í nóvember, 51 fugl (11. mynd og 1. viðauki). **Sendlingur, sanderla, hrossagaukur og spói** sáust í örfá skipti, stakir eða fáir fuglar saman.

Toppur var hjá máfum um vorið, hámarkið var 12. apríl, en síðan fækkar þeim og helst fjöldinn nokkuð jafn fram í september, fyrir utan lægð í talningunni 30. maí, en þá var eina skiptið sem talið var á flóði (13. mynd).




13. mynd. Heildartölur máffugla (máfar og kría) í talningum í Kópavogi 2013.




14. mynd. Fjöldi hettumáfs, sílamáfs, svartbaks og kríu í talningum í Kópavogi 2013.

Hettumáfur var langalgengasti máfurinn, hann sást reglulega frá 12. apríl til 7. október, tíðastur um vorið, flestir voru 138 þann 1. maí (14. og 24. mynd). **Sílamáfur** var næstalgengasti máfurinn, Hann sást frá 12. apríl til 8. september, flestir 130 þann 12. apríl. **Rita, silfurmáfur, hvítmáfur og svartbakur** voru allir strjálir máfar og sáust fáir fuglar. Helst má nefna að svartabakahópur (39) sást þann 19. maí. Nokkuð sást af **kríu** frá 9. maí til 24. júlí, flestar 50 þann 10. júní (14. mynd og 1. viðauki).

Spörfuglar voru allir fremur sjaldséðir nema **stari**, hann leitar sér ætis í fjörunum árið um kring. Hann sást í öllum talningum nema fjórum, flestir 27 þann 24. júlí, þegar ungar úr seinna varpi eru orðnir fleygir (15. og 23. mynd). Aðrir spörfuglar sem sáust í talningum voru **þúfutittlingur, maríuerla, skógarpröstur, svartpröstur, hrafn, auðnutittlingur og snjótittlingur** (1. viðauki).



15. mynd. Heildartölur spörfugla í talningum í Kópavogi 2013.




16. mynd. Heildartölur fugla í 12 talningum neðst á Kópavogslæk 2013.


Ef talningar Náttúrufræðistofu Kópavogs frá 2009 eru skoðaðar, falla þær að flestu leyti mjög vel að okkar talningum (2. viðauki). Það er helst að stofumenn sáu meira af æðarfugli síðla í apríl og jafnframt í október og nóvember.

Kópavogslækur

Titján tegundir sáu í 12 talningum á neðsta hluta Kópavogslækjar (Kópavogstjörn) árið 2013. Þetta er aðallega vetrarstaður, rólegt var yfir hásumarið ef undan er skilinn toppur 7. ágúst (16. mynd). Stökkönd var einkennisfugl lækjarins og var hún langalgengust, sást í öllum talningum, frá 15 og uppí 145 fuglar í talningu, það var 17. nóvember. Grágæs var næstalgengust, sást í öllum talningum nema einni, 25-78 einstaklingar, hámarkið var eins og hjá stökkönd, 17. nóvember (1., 17. mynd og 3. viðauki).



17. mynd. Fjöldi álfar, grágæsar og stökkandar á Kópavogslæk 2013.



18. mynd. Fjöldi hettumáfs og sílamáfs á Kópavogslæk 2013

Sílamáfur var og algengur frá 12. apríl til 8. september, en sást ekki eftir það. Spönnin var frá einum og uppí 95 fugla. Flestir voru þeir um vorið, um sumarið var viðvera þeirra tengd brauðgjöfum við lækinn, þeir voru fleiri þegar meiri líkur voru á brauði. Þeir sækja einnig í kjötmjöl, sem borið er á íþróttavöllinn. Hettumáfur var alltíður, sást árið um kring, nema síst yfir hásumarið. Flestir sáuust um haustið og snemma vetrar, hámarkið voru 35 fuglar 17. nóvember (18. mynd og 3. viðauki). Svipað sást af álfar og stóra. Álfar sást árið um kring nema í ágúst og september, 1-10 fuglar. Um haustið var þar með þrjá unga á læknum, sennilega sama parið og sást á Kópavogi um svipað leiti (17. mynd og 3. viðauki). Stari sást frá því í apríl og fram ágúst, en ekki eftir það, frá einum og uppí 27 fugla. Sumir þessara fugla leituðu ætis á íþróttavöllinn sunnan og austan við tjörnina og voru þeir fuglar sem sást þar teknir með. Þetta átti aðallega við um grágæs og sílamáf.

Aðrir fuglar, 13 tegundir (rauðhöfðaönd, urtönd, skúfönd, tjaldur, heiðlóa, hrossagaukur, stelkur, tildra, stormmáfur, húsdúfa, maríuerla, skógarþröstur og

auðnutittlingur) voru allar sjaldgæfar og sáust innan við 10 einstaklingar af hverri tegund (3. viðauki). Í janúar 2014 sáust nokkrir bjartmáfur á vettvangi, þeir komu ekki fram í talningum á læknum, en sáust á leirunni.

Umræða

Náttúran er breytingum undirorpin og oft hefur maðurinn ýtt undir með þeim. Sveiflur í fuglastofnum eru vel þekktar, bæði uppgangur og niðursveiflur. Stundum eru augljósar skýringar á þessum sveiflum, en í annan tíma er erfitt að koma auga á þær. Það á t.d. við um hinar þekktu sveiflur í rjúpnastofninum, sem ekki hefur enn tekist að skýra til fulls, þrátt fyrir miklar rannsóknir. Helst er þó talið að nokkrir samverkandi þættir valdi sveiflunum (Ólafur K. Nielsen 2012). Nú verða raktar helstu breytingar sem hafa orðið á fuglalífi Kópavogs frá fyrri talningum, 1980-81 og 1997, til þeirra sem voru gerðar 2013.

Margæs hefur fjölgað í Kópavogi eins og annars staðar á Innnesjum (Guðmundur A. Guðmundsson, skrifl. uppl). Engar margæsir sáust vorið 1980, 27 árið eftir, 250 vorið 1985 og 91 vorið 1997. Nú var vorhámarkið reyndar aðeins 83 fuglar, en margæsir sáust í öllum talningum í apríl og maí nema 30. maí. Vorhámarkið í Arnarnesvogi voru 333 fuglar (1. maí, eins og í Kópavogi), en mikill samgangur er á milli voganna og reyndar einnig við Álftanes. Nú bregður svo við að margæsir heimsækja Kópavog á haustfarinu, sem var ekki þekkt áður og sáust 170 fuglar þann 8. september. Grágæs komst ekki á blað 1980-81 og 1997, svo þessir fáu fuglar sem sáust 2013 eru fjölgun.

Stökkönd er á svipuðu róli og í fyrri talningum, þó hefur heldur dregið úr vetursetu hennar. Rauðhöfðaönd fjölgar, en hún virðist sveiflast á tímabilinu. Á árunum 1980-81 er hún allalgeng í Kópavogi, 1997 sést hún varla, en nú er hún algengasta öndin, á eftir æðarfugli. Æðarungum fækkar frá 1980-81 til 1997, fjölgar síðan aðeins til 2013. Einnig virðist æðarfuglum almennt hafa fjölgað frá 1997 til 2013, en tölur vantar fyrir 1980-81. Toppönd er varla nefnd í fyrri talningum, svo henni hefur væntalega fjölgað. Hún er fiskiæta, ein fárra slíkra sem halda til á Kópavogi.

Tjaldi fækkaði frá 1981 til 1997. Síðan þá virðist fjöldinn vera nokkuð svipaður. Sandlóa hefur verið frekar fáliðuð í Kópavogi. Frá 1980-81 til 1997 sást álíka mikið á vorin, en síðsumarshópurinn virðist þá að mestu úr sögunni. Nú sáust helmingi færri fuglar í vorhámarki en í fyrri talningum og aðeins einn fugl síðsumars. Heiðlóa er fyrst og fremst haustgestur í Kópavogi. Hausthámarkið 1980 voru 890 fuglar, 560 árið 1997 og 250 nú, sem er aðeins 28% af tölunni 1980.

Rauðbrystingur var mjög algengur vorgestur í Kópavogi, 1980 var vorhámarkið 2310 fuglar og 3100 fuglar 1981. Árið 1997 var hámarkið 723 fuglar. Nú var hámarkið eingöngu 234 fuglar eða aðeins 8% af mestum fjölda fyrri ára. Sem fyrr voru tvö háörk, snemma og seint í maí. Þau voru nú næstum jafnstór. Sendlingi virðist hafa fækkað frá 1980-81 og fram til 1997. Það vantar þó talningar í apríl 1997, þegar sendlingur er í hámarki. Vorháörk 1980-81 voru um 400 fuglar. Sendlingurinn virðist vera hættur að hafa viðdvöl í Kópavogi, nú sáust 12-13 fuglar í tveimur talningum í mars og apríl. Lóupræl fækkaði milli 1980-81 og 1997, vorhámark úr 550 í 151 og síðsumarshámarki úr 527 í 137. Nú sáust lóuprælar varla um vorið, flestir sáust 18 þann 9. maí. Aðeins bjartara var yfir síðsumarshámarkinu, það voru 89 fuglar í Kópavogi.



19. mynd. Rauðbrystingahópur í fjöru. Neðst á myndinni eru fáeinir lóuprælar, sendlingar, sanderlur og tildrur.

Jaðrakani er eini vaðfuglinn sem hefur fjölgað frá fyrri talningum. Fáeinir sáust í vortalningum, en nær engir í hausttalningum 1980-81 og 1997. Sem fyrr sáust fáir fuglar í vortalningu, en fjölgunin var síðsumars. Fyrsti fuglinn sást 8. júlí. Þeim fjölgaði í 56 þann 8. ágúst og fækkaði síðan aftur, 7. sáust 8. september. Stelkurinn virðist halda hlut sínum að mestu. Honum fjölgaði nokkuð frá 1980-81 til 1997, t.d. var vorhámarkið 1980 140 fuglar, en 286 1997. Nú var vorhámarkið 136 fuglar. Síðsumarshámarkið 1980 var 81 fugl og 54 fuglar 1997, en nú 107. Stelkurinn er nú algengasti vaðfuglinn og fjöldinn næsthæstur, fylgir fast á eftir heiðlóu. Síðasti vaðfuglinn, tildra, er jafnframt á niðurleið. Hún var allalgeng á vor- og haustfari á árunum 1980-81. Vorhámarkið 1980 voru rétt um 200, 1997 var það 121 og aðeins 18 2013. Hausthámark 1980 var um 60, en hausthámörk 1997 og 2013 voru teljandi á fingrum annarrar handar.

Sílamáfshámarkið var hærra vorið 1980-81 en nú, ekkert kemur fram um tölu sílamáfa 1997 (þeim er sleppt í töflu yfir algenga fugla). Lítið sem ekkert sást af ungum, sem er í samræmi við lélega afkomu hans á Innnesjum undanfarin ár, samfara skorti á æti. Toppur hettumáfs eru lægri nú en í fyrri talningum, en hann virðist samt halda sínu striki. Stormmáfur sást ekki á leirunni, en í tvígang við Kópavogslæk. Hann var alltíður, sérstaklega að vorlagi, 1980-81. Eftir að talningum lauk, í janúar 2014, sáust tugir stormmáfar í Kópavogi, þannig að þeir eru enn gestir þar, þó þeir hafi ekki komið fram í talningum okkar. Minna sást af hvítmáfi nú en 1980-81. Þessum tveimur síðasttöldu tegundum eru ekki gerð skil 1997. Á árunum 1980-81 voru kríur algengari en síðar, þá urpu þær á Nónhæð, sem var að mestu horfin undir byggð 1997. Hámarkið 1997 voru 67 fuglar 10. maí, en nú 50 fuglar 10. júní. Kríur á Innnesjum hafa liðið fyrir skort á sandsíli, eins og flestir aðrir sjófuglar á sunnan- og vestanverðu landinu á undanförunum árum. Varp kríu á Seltjarnarnesi gekk vel vorið 2013, en afkoma hennar var mjög léleg, örfáir ungar komust á legg (Jóhann Óli Hilmarsson 2013).

Litlar upplýsingar eru um spörfugla í eldri gögnum. Stari virðist vera algengur 1980-81 eins og nú. Svartþröstur er nýr landnemi. Hann verpur í gördum í kringum veginn og sækir eitthvað í fjörur eftir æti.

Svipuð þróun varð í Arnarnesvogi milli áranna 2000-2001, þegar þar var gerð ítarleg úttekt og ársins 2013 (Jóhann Óli Hilmarsson & Ólafur Einarsson 2013). Þar fækkaði heiðlóu, sandlóu, rauðbrystingi, lóupræl, sendlingi, stelki og tildru. Margæs,

grágæs, álft, rauðhöfðaönd og toppönd fjölgaði, stökkönd var á svipuðu róli og æðarfugli fækkaði heldur.

1. tafla. Gróft mat á stofnbreytingum helstu tegunda í Kópavogi 1980-81, 1997 og 2013. Skýringar: ++ mikil fjölgun, + talsverð fjölgun, 0 litlar breytingar, - nokkur fækkun, -- mikil fækkun.

Fuglar	Breytingar	Fuglar	Breytingar
Margæs	++	Sendlingur	--
Grágæs	+	Lóupræll	--
Stökkönd	0	Jaðrakan	+
Rauðhöfði	+	Stelkur	0
Æður	0?	Tildra	-
Toppönd	+	Hettumáfur	0
Tjaldur	-/0	Sílamáfur	-
Sandlóa	-	Hvítmáfur	-
Heiðlóa	--	Kría	-
Rauðbrystingur	--	Stari	0

Tjaldur stóð í stað frá 1997-2013.

Hvað veldur þessari fækkun sumra vaðfugla? Er fækkun í stofnum þeirra? Eru breytingar á leirunum, þannig að þeir fá minna að eta? Hafa fuglarnir breytt háttum sínum, t.d. fundið sér aðra og betri staði til að afla sér fæðu? Eru þetta tímabundnar sveiflur eða langavarandi fækkun? Eins og fyrr var nefnt hefur svipuð þróun verið í Arnarnesvogi, sem og víðar á Innnesjum. Rauðbrystingi hefur fækkað víða suðvestanlands, t.d. á Álftanesi og í Hvaleyrarlóni. Þó virðist rauðbrystingastofninn ekki hafa minnkað að ráði (Guðmundur A. Guðmundsson, skrifl. uppl). Undanfarin vor hefur borið talsvert á stórum hópum rauðbrystinga í kornökum víða um land. Þeir hafa kannski flutt sig úr fjörum og í kornakra. Ef til vill má leita skýringa á breytingum á það eru langt í frá öll kurl komin til grafar í þessum efnum. Hver hefur þróunin verið í Grafarvogi, þar sem talið var meðfram talningunum í Kópavogi 1980-81? Nú er að fara í gang ítarlegar samanburðarrannsóknir á Kópavogi og Grafarvogi, sambærilegar athugunum frá 1980-81. Þær kunna að svara einhverjum af þessum spurningum.

Vogurinn hefur haldist svo til óbreyttur frá 1980, þó nokkuð hafi verið byggt við hann og flest stærri opin svæði í grenndinni hafa verið byggð. Skólpræsi sem rann í Kópavog, var flutt útí mynni hans 1987. Árið 1999 var allri losun skólps í Skerjafjörð hætt þegar skólpi frá Garðabæ og Kópavogi var dælt í aðalræsi Reykjavíkurmegin í Fossvogi og þaðan talsvert út fyrir Akurey. Við það kunna fæðuskilyrði margra fugla að hafa breyst, jafnvel versnað. En færsla ræsisins ein og sér er langt í frá einhlít skýring, því sumum fuglum hélt áfram að fækka eftir 1997. Kópavogur hefur allur verið friðlýstur, svo lítil hætta er á frekari röskun. Vaðfuglum er almennt að fækka í Evrópu (Science Daily 2009). Kannski er skýringanna sé að leita á vetrarstöðvunum? Íslenskir lóuprælar hafa m.a. vetrarstöðvar á Banc d'Arguin í Míritaníu. Þar hefur lóupræl, rauðbrystingi og fleiri vaðfuglum fækkað að undanfögnu, sennilega vegna skorts á æti (Martin Fowlie 2013).

Engar eldri upplýsingar liggja fyrir um fugla á Kópavogslæk, nema niðurstöður úr vetrarfuglatalningum Náttúrufræðistofnunar. Þar er talningarsvæði okkar hluti af stærra svæði og samanburður því erfiður. Ljóst var af talningum þessum að þarna er umtalsvert fuglalíf, sem stafar meðal annars af brauðgjöfum og auðvelt

fyrir almenning að komast í návígi við fugla. Hlaðnir, háir bakkar gera þó svæðið fremur óaðlaðandi og eru fuglarnir fjær heldur en ef þeir væru lægri.

Mikilvægi leira - Friðlýsingar

Fjörur og grunnsævi er eitt fuglaríkasta búsvæði landsins. Strandlengja Íslands er um 6000 km og grunnsævi og fjörur mestar á vestanverðu landinu, við Faxaflóa og Breiðafjörð. Á fartíma vor og haust sækja vaðfuglar þúsundum saman í fjörur og leirur um land allt. Margæsin er sömuleiðis fjörefugl. Grunnsævi er mikilvægt fyrir endur og máfar og kríur sækja mikið í þetta búsvæði.

Ísland hefur mikilvægu hlutverki að gegna sem viðkomustaður fyrir hánorræna fugla á leið þeirra milli vetrarstöðva í Evrópu og Afríku og varpstöðva á Grænlandi og Íshafseyjum Kanada. Sumur á norðlægum slóðum eru stutt og því skammur tími til stefnu fyrir fuglana að verpa og koma ungunum á legg. Dvalartími þessara fargesta á Íslandi á vorin fer í að safna fituforða sem nægir til að skila þeim á varpstöðvarnar, viðhalda þeim þar fyrsta kastið og þroska eggin. Dvölin á Íslandi hefur grundvallarþýðingu fyrir þessa stofna og án hennar væri þessi leið á varpstöðvarnar ekki fær. Oft er talað um „bensinstöðina Ísland“ þegar þessir fuglar eiga í hlut. Margæs, rauðbrystingur og tildra eru eindregnir fargestir, en grænleniskir lóuprælar og sandlóur fara jafnframt um íslenskar fjörur vor og haust.

Garðabæjarhluti Kópavogs var friðlýstur í október 2009 og Kópavogur fylgdi síðan í kjölfarið og friðlýsti sinn hluta í janúar 2012 (Umhverfisstofnun 2009, 2012). Skerjafjörðurinn allur er á skrá Alþjóða fuglaverndarsamtakanna, *BirdLife International*, yfir mikilvæg fuglasvæði (IBA, Important Bird Areas; Ólafur Einarsson 2000). Skerjafjarðarhluti Garðabæjar (fyrir sameiningu við Álftanes), Kópavogur og hluti Fossvogs í landi Kópavogs hafa verið friðlýst, en aðeins bútar úr landi Reykjavíkur (Háubakkar í Fossvogi) og Seltjarnarness (Gróttu).



20. mynd. Fuglaskoðun í Kópavogi 9. maí 1993. Margæsir í forgrunni.

Leiðsögumaður, í bláum jakka og grárri peysu, þriðji frá hægri í hópnum er Árni Waag, Kópavogsbúi og mikill áhugamaður um verndun náttúru í sveitarfélaginu. Hann var fyrsti forstöðumaður Náttúrufræðistofu Kópavogs.

Lokaorð

Kópavogsleira er ein af stærstu leirum á Innnesjum og hefur lengi verið kunn fyrir ríkulegt fuglalíf og er það enn, þó svo að færri fuglar nýti leiruna nú en áður. Hún er ein af fáum leirum á svæðinu sem hafa að mestu sloppið við framkvæmdir og annað brólt. Leirur eru afar mikilvæg búsvæði fyrir fugla, sérstaklega á fartíma. Þó mörgum fuglum hafi fjölgað eru neikvæðar breytingar þó áhyggjuefni, sérstaklega fækkun vaðfugla. Vakta þarf leiruna reglulega til að fylgjast með fuglalífi og þróun þess og kanna samsetningu hryggleysingjafánu hennar og bera saman við eldri athuganir til að reyna að grafast fyrir um þessa fækkun.

Sérstaða Kópavogsleiru er ekki síst staðsetning hennar, í miðju mesta þéttbýlis landsins. Hún hefur því mikið fræðslu- og uppeldisgildi (20. mynd). Auka mætti gildi hennar enn með aukinni fræðslu og uppsetningu skoðunarskýlis eða skýla. Slíkar byggingar laða að fuglaskoðara, innlenda sem erlendra. Vel þarf að standa að byggingu og staðarvali skoðunarskýla.

Heimildir

- Arnþór Garðarsson & Ólafur Karl Nielsen 1989. *Fuglalíf á tveimur leirum við Reykjavík. I. Vaðfuglar*. Náttúrufræðingurinn 59 (2): 59-84.
- Arnþór Garðarsson & Ólafur Karl Nielsen 1989. *Fuglalíf á tveimur leirum við Reykjavík. II. Fuglar aðrir en vaðfuglar*. Handrit, 9 bls.
- Fowlie, Martin 2013. *Interview: Theunis Piersma*. World Birdwatch 35 (4): 22-23.
- Guðmundur Víðir Helgason, Jón S. Ólafsson og Arnþór Garðarsson 1998. Lífríki við Hvaleyri. Fjölrit Líffræðistofnunnar Háskólans nr. 43, 109 bls.
- Jóhann Óli Hilmarsson 2013. *Varpfuglar á Seltjarnarnesi sumarið 2013*. Skýrsla unnin fyrir Umhverfisnefnd Seltjarnarness, 12 bls.
- Jóhann Óli Hilmarsson & Ólafur Einarsson 2013. *Fuglalíf í Garðabæ 2013. Talningar á Arnarnesvogi, Vífilsstaðavatni, Urriðavatni og í Vatnsmýri*. Unnið fyrir umhverfisnefnd Garðabæjar, 30 bls.
- Ólafur Einarsson 2000. *IBAs in Iceland*. Bls. 341-363 í: M. F. Heath and M. I. Evans (ritstj). Important Bird Areas in Europe: Priority sites for conservation. (Um Ísland í: Skrá um alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði í Evrópu). - BirdLife International, Cambridge.
- Ólafur K. Nielsen 2012. *Afrjúpum, ástand stofnsins vorið 2012*. Skotvís 18: 28-29.
- Science Daily 2009. *Bird Species Decline: Wader Populations Decline Faster Than Ever*. <http://www.sciencedaily.com/releases/2009/06/090606195747.htm> (skoðað 12.1.2014).
- Umhverfisstofnun 2009. *Friðlýsing Skerjafjarðar í landi Garðabæjar*. <http://www.ust.is/einstaklingar/nattura/fridlyst-svaedi/sudvesturland/skerjafjordur/> (skoðað 10.1. 2014).
- Umhverfisstofnun 2012. *Friðlýsing Skerjafjarðar í landi Kópavogs*. <http://www.ust.is/einstaklingar/frettir/frett/2012/01/31/Fridlysing-Skerjafjardar/> (skoðað 10.1.2014).

Viðaukar

1. Viðauki. Talningar í Kópavogi frá 10. febrúar til 16. nóvember 2013. Kyngreiningum og aldursgreiningum fyrir hverja tegund er steypt saman.

Fuglar/Dags.	10.2.	16.3.	12.4.	24.4.	1.5.	9.5.	19.5.	24.5.	30.5.	10.6.	8.7.	24.7.	7.8.	23.8.	8.9.	7.10.	16.11.
Álft				4			12									5	
Grágæs				3		2	13		5	4			12	4			5
Margæs			5	51	83	38	13	4							170	2	
Rauðhöfðaönd	6	16	106	49	45	12	2	1	2					2	89	80	34
Gargönd						2											
Urtönd				1	2												
Stökkönd	8		18	76	61	56	8	2	5	4	30	3	20	34	31		19
Æður	180	26	68	108	72	51	24	25	19	114	88	38	20	17	9	56	140
Hávella																1	
Toppönd	3	4	5		1	2	8	13	5	3					15		
Tjaldur	10	38	44	33	35	19	8	16	4	11	7	11	14		1	4	5
Sandlóa				4	28	9	5					1					
Heiðlóa				24			1					5	66	197	250	177	1
Rauðbrystingur				3		225	110	234				33					
Sendlingur		12		13													
Sanderla												1					
Lóupræll					8	18				15	42	75	89	30	6	5	
Hrossagaukur										1							
Jaðrakan			3		2						1	34	56	41	7		
Spói							1				1						
Stelkur		37	6	27	136	57	16	18	1	28	36	57	107	13	41	30	51
Tildra				11	17	2	4	18					5	5	1	4	
Ríta							8										
Hettumáfur			84	124	138	109		44		4	34	35	36	34	29	60	
Silfurmáfur	1			2			8			3		1			1		
Sílamáfur			130	15	14	3		5	2	11	12	4	8	11	22		
Hvítmáfur													1	1	1	1	
Svartbakur		5					39				1						
Kría						3		28	2	50	11	5					
Þúfutítl.						1	2	2	1								
Mariuerla															1		
Skógarpröstur			5	1													
Svartþröstur								1			1		1				
Hrafn	1	5									1						
Stari	15			4	1	2	1	6		11	6	27	11	1	3	6	
Auðnutittlingur			2														
Snjótittlingur																	6
Alls	224	143	476	553	643	611	283	417	46	259	271	330	446	390	677	431	261

2. Viðauki. Talningar Náttúrufræðistofu Kópavogs í Kópavogi 2009. Talið var 6 sinnum. Þann 8. september voru eingöngu taldar margæsir.

Fuglar/Dags.	27.4.2009	6.5.	26.5.	15.6.	8.9.	5.10.	16.11.
Álft							4
Grágæs		2					17
Margæs	11	18			32	15	
Rauðhöfðaönd	35	6				117	6
Gargönd							
Urtönd							
Stökkönd	24	5	3			50	18
Æður	153	48	65	52		169	183
Hávella							3
Toppönd		10	2				
Tjaldur	19	24	12	20		3	4
Sandlóa	14	10	11				
Heiðlóa	4					177	
Rauðbrystingur	68	41	65				
Sendlingur		3					40
Sanderla							
Lóuþræll				2		5	
Hrossagaukur							
Jaðrakan	5						
Spói				1			
Stelkur	95	63	21	7		54	42
Tildra	2	13				1	9
Rita							
Hettumáfur	36	29	14	6		49	
Silfur máfur							
Sílamáfur	4	7	2	2		3	
Hvítmáfur							1
Svartbakur							
Kría			74	23			
Þúfutittl.							
Maríuerla							
Skógarþröstur							
Svartþröstur							
Hrafn							
Stari	2	2	1			6	7
Auðnutittlingur							
Snjótittlingur							
Alls	472	281	270	113	32	649	334



21. mynd. Kópavogssleira í vetrarsól. Um helmingur leirunnar er uppi, miðað við stærstu stórstraumsfjöru.



22. mynd. Fuglar á Kópavogstjörn. Fyrir utan hefðbundnar stökkendur, grágæsir og álftir eru fáeinar rauðhöfðaendur, skúfendur, bjartmáfar og hettumáfur á myndinni.



23. mynd. Stari var algengasti spörfuglinn í Kópavogi 2013.

3 Viðauki. Talningar á neðsta hluta Kópavogslækjar (Kópavogstjörn) frá apríl til nóvember 2013. Talið var 12 sinnum.

Fuglar/dags	12.4.	24.4.	1.5.	9.5.	30.5.	10.6.	8.7.	24.7.	7.8.	23.8.	8.9.	7.10.	17.11.
Álft	7	10	8	8	1	4	1	1				5	5
Grágæs	27	25	28	33		17	9	17	81	12	19	26	78
Rauðhöfðaönd									1				
Urtönd	2												2
Stökkönd	100	64	85	77	44	50	99	72	94	15	88	86	145
Skúfönd												1	2
Tjaldur		3											
Heiðlóa										1			
Hrossagaukur										2			
Stelkur				1	1								1
Tildra													3
Hettumáfur	10	16	3	6		1	4		6		19	28	35
Stormmáfur												1	2
Sílamáfur	19	71	95	51	1	38	10		42	3	3		
Húsdúfa								2	2				
Maríuerla								2	1				
Skógarþröstur	1												
Stari	2	4	8	6	27	2		1	1				
Auðnutittlingur									1		6	2	
Alls	168	193	227	182	74	112	123	95	229	33	135	149	273



24. mynd. Hettumáfur er algengasti máfurinn í Kópavogi og tíður við Kópavogslæk.